

Laus störf í Grunnskóla Seltjarnarness



Yngsta- og miðstigi

- Umsjónarkennari
- Kennari í hönnun og nýsköpun/smiði (tímabundið í 1 ár)
- Heimilisfræði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Menntun og hæfni til kennslu á yngsta og miðstigi
- Kennslureynsla í grunnskóla æskileg

Vakin er athygli á að störfin henta öllum kynjum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands.

Upplýsingar um starfið Kristjana Hrafnisdóttir skólastjóri kristjana.hrafnisdottir@seltjarnarnes.is í síma 5959200.

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir [seltjarnarnes.is](https://www.seltjarnarnes.is) - Störf í boði

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2023.

Ráðið verður í stöðuna f.o.m 1 ágúst 2023.



Grunnskóli Seltjarnarness

Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að reka góða skóla þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólustarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda og ýta undir hæfileika þeirra. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag. Lögð er áhersla á samvinnu milli skólanna, samfelldan skóladag nemenda og öruggt umhverfi.

Í Grunnskóla Seltjarnarness eru um 600 nemendur, en hann er rekin á tveimur starfsstöðvum, í Mýrarhúsaskóla (1.-6. bekkur) og Valhúsaskóla (7.-10. bekkur). Í Skólaskjóli/fristund, lengdri viðveru fyrir nemendur í 1.-4. bekk eru um 160 nemendur. Við skólann starfa um 100 manns og hefur skólinn á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki. Skólinn starfar samkvæmt hugmyndafraeði Uppeldis til ábyrgðar-uppbyggingu sjálfsgættu, agastefnu sem stuðlar að jákvæðum samskiptum, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat. Einkunnarorð hans eru virðing - ábyrgð - vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólustarfið. Skólinn er í miklu samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness, félagsmiðstöðina Selid og íþróttafélagið Gróttu.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is